

Ed. 152. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 sbr. lög nr. 99/1979 og lög nr. 105/1980 hljóði svo:

Af verðjöfnunargjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar skal verja allt að 3% af seldri raforku á árinu 1982 til þess að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu vararafstöðva vegna rafmagnsskorts á s. l. vetri, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1982 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

5. gr. laga nr. 83/1974 hljóði svo:

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3. gr.

Í stað „1981“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1982.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði fram-
lengd til ársloka 1982. Upphæð gjaldsins verður áfram 19%, en lagt er til að allt að þrem
prósentustigum af verðjöfnunargjaldi verði varið til að greiða eftirstöðvar af kostnaði Raf-
magnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu dísilrafstöðva vegna vatnsskorts á s.
l. vetri.

Til að rökstyðja þá tillögu er nauðsynlegt að rifja upp tildrög orkuskorts á s. l. vetri.
Vegna vatnsskorts erfiðrar veðráttu á s. l. vetri önnuðust vatnsaflsstöðvar landsins engan
veginn raforkuþörfinni. Varð því að grípa til verulegrar skerðingar á orkuafhendingu. Um
þrenns konar aðgerðir var að ræða:

1. Hætt var afhendingu á allri afgangorku (ótrygð orka).
2. Skert var afhending á forgangorku til stóriðju.
3. Skert var afhending forgangorku til almenningsrafveitna. Skerðingin var bætt upp með
framleiðslu á raforku í olíukyntum rafstöðvum og takmörkun á rafmagnsafhendingu til
Keflavíkurflugvallar þannig að unnt reyndist að komast hjá beinni rafmagnsskömmtun
til almennings.

Heildarkostnaður við þessar aðgerðir var talinn nema 24,1 Mkr. Skiptist hann niður á
raforkufyrirtæki eins og lýst er á töflu 1. Auk þess varð Landsvirkjun fyrir verulegu tekjutapi
með minnkandi sölu.

Ákveðið var að mæta þessum áföllum með almennri verðhækkun á rafmagni frá og með
15. mars 1981 í 3 mánuði. Fé sem upp á vantaði skyldi tekið að láni á vegum fyrirtækjanna,
en jafnframt var gefið um það fyrirheit, að kostnaði vegna slíkrar lántöku yrði jafnað út með
greiðslum af verðjöfnunargjaldi næsta árs.

Tafla 1.

	Heildar- kostnaður	Tekjur v/ hækkunar 15. mars 1981	Lántaka
Rafmagnsveitur ríkisins	11,6	5,5	6,1
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3,5	3,5	0
Rafveita Hafnarfjarðar	0,4	0,4	0
Orkubú Vestfjarða	5,5	0,8	4,7
Rafveita Siglufjarðar	0,1	0,1	0
Laxárvirkjun	3,0	0,7	2,3
Samtals	24,1	11,0	13,1

Eins og sést á meðfylgjandi töflu fengu Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafveita Hafnarfjarðar og Rafveita Siglufjarðar útgjöld sín bætt að fullu með þessari verðhækkun. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Laxárvirkjun var um að ræða verulegar eftirstöðvar sem brúa þurfti með lántöku. Góð staða Laxárvirkjunar gerði henni hins vegar kleift að komast yfir þessa erfiðleika.

Ofangreind skipting kostnaðar byggðist á samningum þessara aðila við Landsvirkjun um raforkukaup, þar á meðal samningum milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins um sölu á raforku eftir Byggðalínunni. Við skiptingu kostnaðar milli aðila sem kaupa rafmagn frá Byggðalínunni var miðað við hlutdeild þeirra í heildarmarkaðnum.

Eins og sést af framansögðu eru þessi viðbótarútgjöld þess eðlis að óeðlilegt er að þau leggist eingöngu á notendur þessara fyrirtækja. Því er hér gert ráð fyrir að notendur beri þau sameiginlega.

Lagt er til að varið verði allt að 3 prósentustigum af verðjöfnunargjaldinu á næsta ári til að greiða niður lán þau sem tekin voru, en þau námu 6,1 Mkr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 4,7 Mkr. hjá Orkubúi Vestfjarða.

Í fjárlögum 1982 er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 90,2 Mkr. Þrjú prósentustig þar af samsvara 14,2 Mkr., en það ætti að nægja til greiðslu á lánum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, auk vaxtakostnaðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald sem innheimt er hjá rafveitunni á árinu 1982.

Rafveita Siglufjarðar hefur átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum undanfarin ár. Stafar þetta einkum af því, að ákvarðanir um virkjun Fljótaár hafa ekki reynst eins hagstæðar og vænst hafði verið svo og ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins.

Á s. l. ári var gerð allítarleg athugun á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom í ljós, að hún var mjög slæm. Var m. a. lánstími á lánum þeim sem tekin höfðu verið of stuttur og lánakjör óhagstæð. Veitunni var útvegað lánsfé til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Ljóst er af þeirri reynslu sem fengist hefur síðan, að aðgerðir þessar duga ekki til að rétta af greiðslustöðu fyrirtækisins og þurfa því að koma til frekari aðgerðir eigi raforkuverð hjá veitunni ekki að fara upp úr öllu valdi.

Nú er unnið að uppgjöri á stöðu veitunnar það sem af er árinu, og verður þörfin á að nýta umrædda heimild m. a. metin í ljósi niðurstöðu þeirrar athugunar.

Atvinnulíf á Siglufirði hefur verið mjög sveiflukennt á undanförunum árum og virðist minnkandi loðnuafl nú leiða til verulegs tekjutaps fyrir rafveituna.

Komi til endurgreiðslu verðjöfnunargjalds til Rafveitu Siglufjarðar ætti að vera unnt að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins allverulega. Endurgreiðsla verður bundin því skilyrði, að gjaldskrá á Siglufirði sé a. m. k. ekki lægri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra þeirra rafveitna er halda verða uppi tiltölulega háu raforkuverði.

Við setningu laga um verðjöfnunargjald nr. 105/1980 stóðu vonir til að lækka mætti gjaldið úr 19% í 16% frá 1. júní s. l. Þetta reyndist ekki unnt fyrst og fremst vegna kostnaðarins við keyrslu dísilvéla sem áður er nefndur. Verður málið endurmetið fyrir lok næsta árs og þá í tengslum við úttekt á fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins og stefnumörkun um verðlagningu á raforku í landinu.

Nánar um forsögu laganna og framkvæmd þeirra vísast í athugasemdir við frumvarp til laga nr. 105/1980, Alþt. 1980, þskj. 188, bls. 914.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974, sbr. lög nr. 99/1979, er verðjöfnunargjald af raforku 19%. Af því renna 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

Með þessari grein er lagt til að allt að þremur prósentustigum af 19 verði, skv. nánari ákvörðun ráðherra, varið til að greiða niður lán Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjárða, auk vaxta vegna kostnaðar við keyrslu dísilvéla á s. l. vetri.

Um 2. gr.

Í þeim tilgangi að auðvelda innheimtu verðjöfnunargjaldsins er lagt til að dráttarvextir af því sem ógreitt er verði í samræmi við ákvörðun Seðlabanka á hverjum tíma, í stað þess að vera fastákveðnir 1 1/2% á mánuði eins og nú er.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.